



Til:
Efni:
Upplýsingar:

gunnlaugur@hornafjordur.is
Umsögn um tillögu að sðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skotæfinga- og motor-cross svæði
Sent: 29.05.2017 14:07:04 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017040023, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017040023

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 18. apríl sl., þar sem um er að ræða tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skotæfinga- og motor-cross svæði. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu þessara svæða á fyrri stigum málsins. Í lýsingu fyrir deiliskipulag motor-cross svæðisins er talið að ekki verði áhrif á fuglalíf. Að mati Náttúrufræðistofnunar nýta fuglar vafalaust svæðið að einhverju leyti, t.d. á varptíma, þó svæðið sjálft sé ekki á náttúruminjaskrá. Stofnunin ítrekar fyrri athugasemdir um að skipulagið taki tillit til fuglalífs eins og mögulegt er, á það við bæði svæðin, og að rask verði sem allra minnst.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Umsögn vegna sama máls, skipulagslýsing, sjá málsnr. 2016090020

Málsnúmer: 2017040023

Númer skjals:

Skráð: 18. apríl 2017

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Dagsetning: 18. apríl 2017

Fyrirtæki: Sveitarfélagið Hornafjörður

Nafn: Gunnlaugur Róbertsson

Vinnsla

Staða: Lokið

Geymslustaður skjals:



Til:
Efni:
Upplýsingar:

hornafjordur@hornafjordur.is
Ósk um umsögn, lýsing vegna breytingu á aðalskipulagi Skotsvæði og Moto cross
Sent: 31.10.2016 11:57:56 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016090020, Bréfalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2016090020

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafriði, dags. 21. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um er að ræða skotæfingasvæði, svæði A og svæði fyrir mótcross og efnistöku merkt B og C í

skipulagslýsingunni.

Svæði B og C liggur upp að mikilvægu fuglasvæði, leirum, sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið sjálft er raskað að einhverju leiti, framræst að hluta í norðvestur hluta reitsins og syðst, en þó virðist sem ekki séu tún í nyrðri hlutanum heldur sé um að ræða beitarland (deiglendi?). Efnistökusvæði er innan reitsins, syðst og austast, en annars virðast skiptast á þurrlendissvæði og votlendari svæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við svæði A. Stofnunin leggur áherslu á að við deiliskipulagningu svæðis B/C þá verði tekið tillit til fuglalífs á svæðinu og að metið verði hvort að tiltekin svæði innan reitsins séu nýtt meira af fuglum en önnur með það fyrir augum að þau svæði sem eru hvað náttúrulegust, þ.m.t. fjara og leirusvæði utan reits, verði ekki raskað hvorki vegna framkvæmda (t.d. ef færa þarf til efni) eða staðsetningu brautar.

Með kveðju

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Umsögn um tillögu að sðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skotæfinga- og motor-cross svæði

Málsnúmer: 2017040023

Númer skjals:

Skráð: 18. apríl 2017

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Sveitarfélagið Hornafjörður

Nafn: Gunnlaugur Róbertsson

Vinnsla

Staða: Lokið

Geymslustaður skjals:

Umsögn um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skotæfinga- og motor-cross svæði

Viðhengi:



- 20170418130129075.tif